

Fundargerð 201. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 04. desember 2025, kl. 15:00 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Gunnar Sigurðsson og Einar Sveinn Kristjánsson, Pétur Freyr Jónsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Einar Óskar Friðfinnsson

Fjarfundur: Ingi Bogi Hrafnsson

Fjarverandi: Helgi Már Sigurgeirsson

Dagskrá:

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 200

Fundargerð samþykkt og send til undirritunar.

2. Skýrsla formanns

- Fundur var hjá IndustriAll í Brussel, þessi fundur snerist mikið um samdrátt í lðnaði þá aðallega bílaiðnaði og hvað væri hægt að gera.
- Fagfélögin áttu fund með ASÍ um miðlægt vinnustaðaeftirlit.
- Mikið búið að funda út af verðlagsmálum í sjávarútvegi. Aðallega út af verðkúrfum sem þarf að breyta og umræðan um það er mikið hitamál.
- Við vorum með Hafró á fundi hér fyrir hádegi, þ.e. vélstjórana á Hafró og staðan orðin þannig að það ætti að vera hægt að senda þann samning í atkvæðagreiðslu eftir helgi.
- Skýrsla um vinnustaðaeftirlit komin undir fundinn.
- Sjúkradagpeningar sem greiddir voru út um síðustu mánaðarmót voru rúmar 17. milljónir. Spurt var hvort það hefði verið einhver fundur í sjúkrasjóðnum nýlega en svo er ekki.

3. Staðan á Eirhöfða.

Tvær íbúðir að verða tilbúnar til útleigu á Eirhöfðanum. Fara í leigu eftir helgi önnur er 3ja herbergja en hin stúdíó. Þær sem fóru í lagtímaleigu, flutt er inn í tvær og styttist í að næstu leigjendur fari inn.

4. Fundarplan stjórnar vorönn 2026

Formaður fór yfir tillögu að fundum eftir áramót og aðalfundinn. Stungið upp á 8. janúar, 12. febrúar, 12 mars, 15 – 16 apríl og aðalfundur 28-29 apríl. Rætt um fundartímann sem er til prufu kl. 9:30. Í stað kl. 11 áður. Almenn ánægja með 9:30 tímann og ákveðið að halda því og fundartímarnir samþykktir.

5. Fundir með sjómönnum á milli jóla og nýárs

Er að skipuleggja þessa fundi. Ísafjörður 26. des. 27. Vestmannaeyjar og Hornafjörður, 28. Reyðafjörður og Akureyri og 29. Reykjavík. Formaður sagðist ætla að sleppa Grundarfirði í ár vegna lélegrar þátttöku undanfarið.

6. Önnur mál

- Styrkir til hjálpar samtaka, Fagfélögin sjá um það núna og verður það Hjálparstarf Kirkjunnar sem fær 1 milljón.
- Spurt var um viðgerð á þakinu hvort eitthvað sé að fréttu. Formaður segir að það sé verið að bíða eftir varahlutum og þegar reikningurinn kemur þá fer hann til lögmansins.
- Formaður fékk tvær spurningar varðandi lðuna frá og las þær. Fyrri spurningin var hvað við værum búin að greiða til lðunnar á árinu og það eru fyrstu 10 mánuðina, rúmar 113 milljónir. Hin spurningin var hvernig fultrúi VM greiddi atkvæði við lagabreytingunni sem lagði niður fagráðið. Var hann með eða á móti. Fulltrúinn sagðist hafa samþykkt þetta sem prufu í eitt ár, en þannig var þetta lagt fram. Þá var spurt hvort hægt væri að útvega fundargerð lðunnar frá þessum fundi. Þetta þarf að vera hreinu þ.e. hvernig þetta var lagt fram, því þangað borgum við mikla peninga.
- Fjármálanámskeiðið 40 ára og yngri. Mjög gott námskeið. Vonar að þetta verði aftur. Formaður benti á að námskeiðið verði í fjarfundi eftir áramót og líka námskeiðið um lífeyrismálin.
- Bent var á að á trúnaðarráðstefnunni var námskeið um geðheilbrigðismál sem var mjög gott. Skoða möguleika á því að halda námskeið um geðheilbrigði eins og eins og þessi lífeyrismálsnámskeið. Formaður skoðar þar. Mjög þarft að halda svona námskeið.
- Stjórnarmaður talaði um að margir væru búnir að tala um og leita að hver verður næsti formaður VM. Hann sagði að honum finnst að einhver stjórnarmaður ætti að taka þennan slag og ef enginn ætlar þá ætlar hann að bjóða sig fram. Formaður talaði um kosninguna sem voru fjórir í framboði og þar af þrír úr stjórn. Þeir sem töpuðu gátu þá ekki boðið sig fram í stjórn þannig að stjórnin missti mikið. Hann fór síðan yfir söguna um kjör formanns. Hann fór síðan yfir punkta varðandi stjórnar- og formannskjör. Formaður sagði að hann myndi stilla upp tillögum um það hvernig við ætlum að hafa þetta. Þurfum að vera með mótaðar reglur og þurfum að auglýsa það. Væri gott að kalla saman uppstillinganefnd eftir fundinn í janúar, þá væri tíma línan tilbúin.
- Spurt hvort aðalfundargerðirnar færu ekki á heimasíðuna. Formaður sagði að það væri ekki vaninn en um að gera að skoða þetta. Allir samþykkir að aðalfundargerðir eigi heima á heimasíðunni.

Fundi slitið kl. 16:38

Fundargerð ritaði Áslaug R. Stefánsdóttir